



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, greiðslubátttaka í lyfjakostnaði, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 266 – 256. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu á að breyta lögum um sjúkratryggingar og lyfjalögum. Breytingunum er ætlað að einfalda núverandi greiðslubátttökukerfi sjúkratrygginga Íslands í lyfjakostnaði einstaklinga ásamt því að auka aðgang að lyfjagagnagrunni til að stuðla að virkara eftirliti m.a. með lyfjanotkun sjúklinga og lyfjaávisunum lækna.

Mannréttindaskrifstofa fagnar frumvarpinu og telur að með slíkum breytingum á greiðslubátttökukerfi Sjúkratrygginga verði komið til hóps við stóran hóps fólks sem hefur þurft að bera háan lyfjakostnað sjálft. Greiðslubátttakan kæmi þá til móts við alla jafnt og einstaklingum væri t.d. ekki mismunað eftir sjúkdómum. Mannréttindaskrifstofan bendir þó á að við þessar breytingar myndast tímabil þar sem einstaklingar þurfa að greiða fullt verð fyrir lyf sín fram að því að náð verður fyrsta þrepi greiðslubátttökukerfisins. Þetta kann að reynast erfitt fyrir marga einstaklinga og er nauðsynlegt að þau úrræði, sem boðuð eru fyrir þá í frumvarpinu, verði ákveðin svo fljótt sem auðið er og að þau verði virk og raunhæf, enda eru umræddir einstaklingar oft og tíðum illa staddir fjárhagslega vegna langvarandi sjúkdóma eða af öðrum orsökum.

Varðandi aukinn aðgang að lyfjagagnagrunni í þeim tilgangi að auka og bæta eftirlit með lyfjanotkun sjúklinga og lyfjaávisunum lækna vill Mannréttindaskrifstofa benda á að samkvæmt c.-lið, 8. tl. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eru upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um lyfjanotkun, viðkvæmar persónuupplýsingar. Við alla meðferð slíkra persónuupplýsinga ber að fara að lögum og gæta meðalhófs og vernda friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem vinnslan lítur að, enda er friðheldi einkalífs varin af 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Gera má ráð fyrir að nánast allir Íslendingar séu skráðir í lyfjagrunninn. Þar sem lög og almannaheill standa til ofangreinds eftirlits telur Mannréttindaskrifstofan frumvarp þetta leiða til aukinnar skilvirkni og aukins gegnsæis í þessum málum og treystir því að viðhaft verði strangt eftirlit með því hverjir hafa aðgang að gagnagrunninum og hvernig þeir fari með þær upplýsingar sem



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

þeir fá þar. Nauðsynlegt er, eins og að ofan greinir, að gæta meðalhófs í aðgerðunum og tryggja með virku eftirliti að viðkvæmar persónuupplýsingar verði ekki misnotaðar á neinn hátt.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna A Pálmadóttir

Jóna A Pálmadóttir, lögfræðingur